


Þingeyjarsveit
Jóhann Guðni Reynisson
Kjarna
650 Laugar



Umhverfisstofnun

Erlendir meðaláætir umhverfisstofnunarinnar

Grundarlagðar 1998
IS - IOR Umhverfisstofnun

4. apríl 2006

Síða 1 af 34 | Síða 2018

Umhverfisstofnun, 650 Laugar

www.umhverfisstofnun.is

22. ágúst 2003

Tilvísun: UST20030800107/óá

Deiliskipulag frístundabyggðar í Lundsskógi í Fnjóskadal

Vísað er til auglýsingar í lögbirtingarblaði, dags. 9. júlí sl. þar sem auglýst er tillaga að breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018 og deiliskipulagi frístundasvæðis í Lundsskógi í Fnjóskadal. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við ofangreinda skipulagstillögu.

Rask á trjágróðri og breyting á gróðurfari

Ofangreind frístundabyggð er í jaðri Lundsskógar og er hluti þeirrar frístundabyggðar sem auglýst er í skipulagstillöggunni innan skógi vaxins svæðis. Stofnunin bendir á að skv. 39. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal Umhverfisstofnun, ásamt Skógrækt ríkisins, vinna að verndun og eftirliti með náttúrulegum birkiskóginum og skóginum til útvistar. Lundsskógar er hluti af svæði þar sem fyrirfinnast einir stærstu náttúrulegu birkiskógar á landinu. Frístundabyggðin er því innan svæðis sem hefur talsvert verndargildi og því brýnt að raski innan skógarins sé haldið í lágmarki. Jafnframt er telur stofnunin mikilvægt að öll plöntun innan svæðisins sé í samræmi við núverandi gróðursamsetningu þess til að forðast breytingar á náttúrulegri ásýnd svæðisins.

Í skipulagsskilmálum kemur fram, undir fyrisogninni mótu lands og gróður, að ekki [sé] heimilt að raska landi utan byggingarreits nema sem snýr að götu í tengslum við heimkeyrslu og bílastæði. Jafnframt kemur fram að gróðursetning annars trjágróðurs en birkis sé ekki heimil án samráðs við landeiganda.

Á skipulagsupprætti eru byggingarreitir skilgreindir rúmt eða sem allt land í 10 metra fjarlægð frá lóðarmörkum. Einnig er leyfileg stærð frístundahúsa talsvert stór, eða 100 m². Því telur stofnunin að m.v. núverandi skilmála sé í raun leyfilegt að raska gróðri á allstórum hluta þeirra svæða sem leggja á undir frístundabyggð, þ.e. alls staðar innan byggingarreita, og að m.t.t. til leyfilegrar stærðar bygginga sé hætta á að talsvert rask verði af byggingarframkvæmdum. Því telur stofnunin að brýna megi umgengnisatriði í skipulagsskilmálum. Telur stofnunin að setja ætti strangari skilyrði um rask á trjágróðri, til að tryggja að ekki verði um óþarfa ruðning á birkitrjám að ræða við byggingarframkvæmdir. Einnig telur stofnunin að setja ætti skilyrði um gróðursetningu á þann veg að ef talið verði nauðsynlegt að fara í frekari gróðursetningu ætti að taka tillit til gróðursamsetningar á svæðinu og leitast við að breyta ekki hinni náttúrulegu ásýnd svæðisins.

Stofnunin telur að strangari umgengnisskilyrði rýri vart notagildi svæðisins eða tækifæri til uppbyggingar, heldur þvert á móti. Með því að viðhalda náttúrulegu gróðurfari á svæðinu og forðast ásýndarbreytingar á þessu mikilvæga vistkerfi er


aðdráttaraflí þessa svæðis viðhaldið og notagildi þess til útvistar og dvalar í frístundum tryggt til framtíðar.

Efnistaka


Í VI. kafla laga nr 44/1999 um náttúruvernd er fjallað um nám jarðefna. Þar kemur fram að öll efnistaka af landi og úr hafslotni innan netalaga sé háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Þó er eiganda eða umráðamanni lands heimil *minniháttar* efnistaka til eigin nota, nema um sé að ræða jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga um náttúruvernd.

Ekki er fjallað um efnistöku í greinargerð með deiliskipulagi, en gera má ráð fyrir að byggingarframkvæmdunum fylgi töluverð efnispörf. Bendir stofnunin á að efnistaka vegna þessa verks fellur ekki undir "minni háttar efnistöku til eigin nota" og er framkvæmdaraðila því skyld að leita framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar fyrir námi jarðefna, nema efni sé tekið úr námu með starfsleyfi. Umhverfisstofnun bendir einnig á að sveitarstjórn er óheimilt að veita starfsleyfi fyrir efnistöku nema að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi náttúruverndarnefnda.

Virðingarfyllst,



Olafur Árnason



Helgi Jónasson